# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 36 95. ár Föstudaginn 12. apríl 2002**

## Laus störf

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra listaverkadeildar Listasafns Íslands. Um er að ræða fullt stöðugildi og eru launakjör skv. launakerfi opinberra starfsmanna.

Starfssvið: Deildarstjóri ber ábyrgð á skrásetningu listaverka og uppbyggingu gagnagrunns safnsins.

Menntunar- og hæfniskröfur: Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í listasögu og góða tölvukunnáttu.

Skriflegar umsóknir, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, skulu berast Listasafni Íslands fyrir 22. apríl, en ráðið verður í stöðuna eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Kvaran safnstjóri, kl. 10-12 í síma 515 9600.

**Listasafn Íslands.**

(3385

Við eftirtalda grunnskóla á svæði Skólaskrifstofu Austurlands eru lausar skólastjóra- og/eða kennarastöður næsta skólaár með umsóknarfresti til 6. maí 2002:

*Grunnskólinn á Bakkafirði:* Almenn kennsla yngri barna, erlend mál, íþróttir, heimilisfræði, myndmennt, tónmennt, textíll og tæknimennt.

*Vopnafjarðarskóli:* Almenn kennsla, náttúrufræði og tungumál.

*Brúarásskóli:* Almenn kennsla yngri barna og á miðstigi.

*Fellaskóli:* Almenn kennsla, sérkennsla og íþróttir.

*Grunnskólinn á Egilsstöðum og Eiðum:* Almenn kennsla, smíðar, sérkennsla og náttúrufræði.

*Grunnskóli Borgarfjarðar:* Almenn kennsla og sérkennsla.

*Seyðisfjarðarskóli:* Almenn kennsla á mið- og unglingastigi, íþróttir, handmennt, myndmennt, upplýsingamennt, lífsleikni, heimilisfræði, íslenska, stærðfræði, enska, danska, samfélagsfræði, náttúrufræði og raungreinar.

*Grunnskóli Mjóafjarðar:* Staða skólastjóra.

*Grunnskóli Reyðarfjarðar:* Umsjónarkennari fyrir 1. bekk og íþróttir.

*Grunnskólinn á Eskifirði:* Almenn kennsla á miðstigi, kennsla yngri barna, danska og heimilisfræði.

*Nesskóli í Neskaupstað:* Staða skólastjóra (umsóknarfrestur 19. apríl 2002), almenn kennsla á unglingastigi, danska, stærðfræði, heimilisfræði, mynd- og handmennt, smíðar og raungreinar.

*Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar:* Almenn kennsla, danska, heimilisfræði, mynd- og handmennt, raungreinar, sérkennsla og tónmennt.

*Grunnskólinn á Stöðvarfirði:* Íslenska, enska, danska, raungreinar og myndmennt.

*Grunnskólinn á Breiðdalshreppi:* Íþróttir og heimilisfræði.

Nánari upplýsingar veita viðkomandi skólastjórar og ber að skila umsóknum til þeirra.

**Forstöðumaður.**

(3395

## Auglýsing

### um breytingar á aðalskipulagi Hríseyjar 1988–2008 og tillaga að deiliskipulagi íbúðarhúsalóða og frístundabyggðar á suðurenda Hríseyjar

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við breytingar á aðalskipulagi Hríseyjar 1988-2008.

Breytingar felast í eftirfarandi:

1. Svæðið, sem er rúmir 2600 m$^2$ að stærð var skilgreint sem íbúðarsvæði við Austurveg, breytist í opið svæði til sérstakra nota.
2. Svæðið, sem er um 5000 m$^2$ var skilgreint sem opið svæði óbyggt við Austurveg, breytist í svæði fyrir íbúðabyggð/frístundabyggð og sameiginlegt grænt svæði fyrir íbúa svæðisins.
3. Svæðið var skilgreint fyrir frístundabyggð beggja megin við Austurveg. Svæðið stækkar á kostnað opins svæðis til sérstakra nota og óbyggðs svæðis. Svæðið verði stækkað og skipulagi breytt hvað lóðaskipan varðar.

Jafnframt er auglýst tillaga að deiliskipulagi íbúðar- og frístundabyggðar skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga á suðurenda Hríseyjar sem byggð er á breytingartillögu aðalskipulags. Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu Hríseyjarhrepps frá 12. apríl til 10. maí 2002. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila athugasemdum er til 24. maí 2002. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað á skrifstofu Hríseyjarhrepps, Ráðhúsinu, Hlein v/Hólabraut, 630 Hrísey.

Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillögurnar innan tilgreinds frests telst samþykkur þeim.

**Skipulagsfulltrúi Hríseyjarhrepps.**

3384)

## Auglýsing

### um tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi

Akureyrarbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga neðangreindar tillögur að breytingum á aðalskipulagi, og skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga neðangreindar tillögur að breytingum á deiliskipulagi:

*1. Hlíðarfjallsvegur, reiðleið o.fl. – breytingar á aðalskipulagi.*

Tillagan er þríþætt: a) Tenging fyrirhugaðs „Ofanbyggðarvegar“ við Hlíðarfjallsveg færist um u.þ.b. 120 m til vesturs. b) Áætluð vegartenging frá Hlíðarfjallsvegi að Lögmannshlíðarkirkju og hesthúsahverfi falli út, en í hennar stað komi vegartenging við Ofanbyggðarveg, því sem næst í núverandi legu Lögmannshlíðarvegar. c) Lega reiðleiðar breytist á kafla, þannig að hún þveri Hlíðarfjallsveg vestar en áformað var.

*2. Íbúðarsvæði við Furulund – breytingar á aðal- og deiliskipulagi.*

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi felur í sér að landnotkun á vesturhluta reits norðan Furulundar breytist úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Jafnframt er auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi sama reits, í stað deiliskipulags frá 1989. Tillagan gerir ráð fyrir þyrpingu einnar hæðar raðhúsa með 20 íbúðum á reitnum.

*3. Klettaborg – breyting á deiliskipulagi.*

Tillagan varðar vestari raðhúsalóð í deiliskipulagi sem samþykkt var í febrúar 2001. Í meginatriðum felur tillagan í sér stækkun lóðarinnar til vesturs, breytingu á umferð og bílastæðum innan lóðar, fjölgun húsa og íbúða og lengingu hljóðmanar til vesturs og suðurs, upp með Dalsbraut.

Tillöguuppdrættir ásamt frekari skýringargögnum liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til föstudagsins 24. maí 2002, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar: http://www.akureyri.is/.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16.00 föstudaginn 24. maí 2002 og skal athugasemdum skilað til umhverfisdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.**

3396)

# Auglýsing

## um leyfi til átöppunar á ölkelduvatni

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur hefur veitt Catco ehf., Réttarhálsi 2, leyfi til átöppunar á ölkelduvatni samkvæmt reglugerð nr. 390/1995 um ölkelduvatn undir vörumerkinu Iceland Spring. Vatnið er tekið úr borholu V-11 á Heiðmörk.

Gildistími leyfisins er frá 12. mars 2002 til 12. mars 2004.

Reykjavík, 5. apríl 2002.
**Rögnvaldur Ingólfsson**
heilbrigðisfulltrúi,
deildarstjóri matvælaeftirlits.

3394)

# Nauðungarsölur

## Kópavogur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Dalvegi 18, Kópavogi, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Akralind 1, 0204 3274) | Fríða Björg Aðalsteinsdóttir og Guðmundur S. Guðmundsson | Kaupþing banki hf. | 5.112.254 |
| Akralind 2, 0204 3275) | Akralind ehf. | Hlíf, lífeyrissjóður og Vátryggingafélag Íslands hf. | 7.045.555 |
| Akralind 2, 0205 3276) | Akralind ehf. | Hlíf, lífeyrissjóður | 4.858.260 |
| Arnarsmári 10, 0102 3277) | Árni Ingólfsson og Drífa Hrund Árnadóttir | Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn í Kópavogi | 972.003 |
| Auðbrekka 1, 0102 og 0103 3278) | Meistaraverk ehf. | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 1.242.898 |
| Álfabrekka 7 3279) | Magnús Sigurðsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 67.873 |
| Álfatún 23, 0202 3280) | Jóhann S. Sigurdórsson | Íbúðalánasjóður | 297.511 |
| Álfhólsvegur 135, eignarhl.gþ. 3281) | Kristján Finnur Kristjánsson | Tollstjóraskrifstofa | 611.433 |
| Álfhólsvegur 51, 0201 3282) | Sveinn Ólafur Tryggvason | Íbúðalánasjóður | 194.219 |
| Álfhólsvegur 53 3283) | Guðrún Jónsdóttir | Búnaðarbanki Íslands og Íbúðalánasjóður | 3.565.571 |
| Álfhólsvegur 66, 0201 3284) | Karl Björnsson | Kreditkort hf. og sýslumaðurinn í Kópavogi | 670.718 |
| Álfhólsvegur 81, 0201 3285) | Kári Rúnar Jóhannsson | Íbúðalánasjóður | 162.673 |
| Álfhólsvegur 92, 0201 3286) | Guðrún Sólveig Ebenesersdóttir | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. og Íbúðalánasjóður | 666.834 |
| Ásbraut 9, 0101 3287) | Garðar Guðjónsson | Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður verslunarmanna | 692.317 |
| Ástún 14, 0101 3288) | Húsnæðisnefnd Kópavogs | Íbúðalánasjóður | 170.463 |
| Ástún 8, 0205 3289) | Sveinn Guðjónsson | Íbúðalánasjóður | 134.058 |

# Stefna

**Olíuverzlun Íslands hf.,**
**kt. 500269-3249,**
**Sundagörðum 2, Reykjavík**

gerir kunnugt: að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur SBG-veitingum ehf., kt. 591191-1369, Þrúðvangi 2, 850 Hellu, til greiðslu skuldar.

*Fyrirsvarsmaður:* SBG-veitinga ehf. er Sigurður B. Guðmundsson, kt. 120964-2089, heimilisfang óþekkt í Noregi, sem er stjórnarmaður í félaginu.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 63.813 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001 af:

kr. 12.790 frá 30. nóvember 1998 til 11. desember 1998
kr. 11.157 frá 31. desember 1998 til 31. janúar 1999
kr. 15.495 frá 31. janúar 1999 til 4. febrúar 1999
kr. 13.780 frá 4. febrúar 1999 til 28. febrúar 1999
kr. 26.302 frá 28. febrúar 1999 til 31. mars 1999
kr. 39.043 frá 31. mars 1999 til 30. apríl 1999
kr. 51.574 frá 30. apríl 1999 til 31. ágúst 1999
kr. 60.173 frá 31. ágúst 1999 til 31. júlí 2001
kr. 63.813 frá 31. júlí 2001 til greiðsludags.

Þess er krafist að dæmt verði, að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 30. nóvember 1999 en síðan árlega þann dag.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

*Fyrirsvar:* Eyvindur Sólnes hdl., f.h. Innheimtustofnunar Reinar ehf., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik:* Skuld þessi er skv. viðskiptayfirliti/reikningsyfirliti vegna vöruúttekta stefnda hjá stefnanda, sem rekur olíuverslun, smásölu og annan skyldan rekstur á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 30. nóvember 1998 nam skuld stefnda við stefnanda kr. 12.790. Vöruúttektir stefnda eru eftir það: í desember 1998 kr. 11.157; í janúar 1999 kr. 4.338; í febrúar 1999 kr. 12.522; í mars 1999 kr. 12.741; í apríl 1999 kr. 12.531 og í september 1999 kr. 8.599 eða samtals kr. 74.678. Við þá fjárhæð bætast kr. 3.640 sem eru færslugjöld vegna útsendra gíróseðla, og er krafist dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 31. júlí 2001.

Stefndi greiddi kr. 12.790 inn á skuld sína þann 11. desember 1998 og kr. 1.715 þann 4. febrúar 1999 eða samtals kr. 14.505.

Eftir standa þá kr. 63.813 sem er stefnufjárhæðin, en hún tekur mið af viðskiptayfirliti án dráttarvaxta.

Reikningar eru dagsettir síðasta dag úttektarmánaðar en eindagi er 25. næsta mánaðar eftir úttekt. Dráttarvextir reiknast frá dagsetningu reiknings ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Eini fyrirsvarsmaður félagsins Sigurður B. Guðmundsson er farinn af landi og er skráður til heimilis í Noregi hjá hagstofunni. Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er stefnanda því nauðsyn að fá dóm um kröfu sína á hendur stefnda.

*Tilvísun til helstu lagaákvæða:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum kröfuréttar um efndir loforða og samninga. Vísað er sérstaklega til ákvæða samningalaga nr. 7/1936 um efndir loforða og laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 um rétt aðila til að krefjast greiðslu í peningum hafi hann innt af hendi greiðslu í formi vöru, þjónustu eða vinnu.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 og kröfur um vaxtavexti við 12. gr. í V. kafla sömu laga. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 130. gr. sbr. 129. gr. eml. nr.

91/1991. Málsókn byggir á 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til a-liðar 1. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um stefnubirtingu.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Ljósrit úr Lögbirtingablaði því sem stefnan birtist í.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Viðskiptayfirlit/reikningsyfirlit stefnda.
4. Innheimtubréf dagsett 4. september 2001.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Sigurði B. Guðmundssyni, kt. 120964-2089, sem stjórnarmanni f.h. SBG-veitinga ehf., kt. 591191-1369, Þrúðvangi 2, 850 Hellu, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 16. maí 2002 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 31. mars 2002.
Innheimtustofan Rein ehf.
F.h. stefnanda,
**Eyvindur Sólnes** hdl.

(3436

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum þann 20. mars 2002, var bú Sigurðar E. Thoroddsen, kt. 090171-3219, Urðargötu 6, Patreksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 28. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

(3255 a

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, uppkveðnum þann 20. mars 2002, var bú Halls Ægis Sigurðssonar, kt. 301259-7869, Stekkum 13, Patreksfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við skiptin er 10. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Aðalstræti 24, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalstræti 24, 3. hæð, Ísafirði, mánudaginn 24. júní 2002 kl. 10.00.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Bakkasmári 19 3290) | Þorsteinn Hilmarsson | Tollstjóraskrifstofa | 1.542.876 |
| Bakkasmári 22 3291) | Guðmundur Ólafsson | Íbúðalánasjóður | 388.673 |
| Bergsmári 13 3292) | Bergur Martin Ásmundsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 4.244.837 |
| Birkihvammur 14, 01-0101 eignarhl.gþ. 3293) | Marteinn Sigurgeirsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 257.035 |
| Borgarholtsbraut 24, 0101 3294) | Valgerður Sveinsdóttir | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útib. | 377.808 |
| Bæjarlind 14-16, 0203 3295) | Lárus Þór Guðmundsson | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 1.095.216 |
| Bæjarlind 6, 0301 3296) | Balís ehf. | Parastone á Íslandi ehf. | 13.340.586 |
| Dalvegur 22 3297) | Teitur Jónasson ehf. | Hurðaþjónustan ehf. | 1.493.208 |
| Dalvegur 4, 0101 3298) | Reynir bakari ehf. | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 707.836 |
| Digranesheiði 1 3299) | Guðrún Ólafía Eggertsdóttir og Edvin Mikael Kaaber | Íbúðalánasjóður | 166.532 |
| Dimmuhvarf 14 3300) | Ásgerður Ólafsdóttir og Sigurður R. Jónsson | Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn í Kópavogi | 1.513.560 |
| Dynsalir 16, 0302 3301) | Níels Pálmar Benediktsson | Íbúðalánasjóður | 196.319 |
| Efstihjalli 5, 0103 3302) | Kristín H. Þorsteinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 242.754 |
| Ekrusmári 18 3303) | Stefán Ásgeirsson og Kristjana Þuríður Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 333.890 |
| Engihjalli 1, 0606 3304) | Samidin Bojaxhiu og Sabrije Zogaj | Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf. | 219.440 |
| Engihjalli 11, 0802, eignarhl.gþ. 3305) | Höskuldur Eyjólfsson | Kreditkort hf. | 1.142.909 |
| Engihjalli 17, 0204 3306) | Bryndís Björk Sigurjónsdóttir | Íbúðalánasjóður, Landsbanki Íslands hf., Keflavík og Landsbanki Íslands hf., Kefvíkflugv. | 1.188.281 |
| Engihjalli 25, 0201, eignarhl.gþ. 3307) | Zeljko Sankovic | Lögmenn Laugardal ehf. | 183.541 |
| Engihjalli 9, 0601 3308) | Valgerður Ásmundsdóttir og Björgvin Gunnarsson | Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 1.959.596 |
| Fagrihjalli 26 3310) | Vilhjálmur Óskarsson | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 2.039.398 |
| Fannborg 3, 0203 3311) | Jana Valborg Guðmundsdóttir | Glitnir hf. | 1.737.902 |
| Fjallalind 46 3313) | Byggingarfélagið Heiði ehf. | Tollstjóraskrifstofa | 287.467 |
| Fjallalind 73, eignarhl.gþ. 3314) | Steinar Ágústsson | Tollstjóraskrifstofa | 148.240 |
| Goðasalir 15 3315) | Jóhanna Þorbergsdóttir | Íbúðalánasjóður | 324.051 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Grundarhvarf 16<br>3316) | Ásgeir Rafn Reynisson | Landssími Íslands hf., innheimta og Sparisjóður Reykjavíkur og nágr., útibú | 1.593.223 |
| Grænatún 22<br>3317) | Margrét Ingvadóttir og Kristinn Guðmundsson | Íbúðalánasjóður og Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins | 555.151 |
| Gullsmári 4, 0201<br>3318) | María Bjarnadóttir | Kópavogsbær | 215.204 |
| Gullsmári 8, 0202<br>3319) | Metta Helgadóttir og Jón Árnason | Íbúðalánasjóður | 321.014 |
| Gullsmári 8, 0204<br>3320) | Árni Júlíusson | Íbúðalánasjóður | 108.720 |
| Hamraborg 1-3, merkt K-A<br>3321) | Stig ehf. | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Íslenska sjónvarpsfélagið hf., Prentsmiðjan Oddi hf. og sýslumaðurinn í Kópavogi | 4.297.263 |
| Hamraborg 10, 0403<br>3322) | Útgerðarfélagið Njörður hf. | Sandgerðishöfn | 5.246.208 |
| Hamraborg 20A, 0203<br>3324) | Hamra ehf. | Sparisjóður Kópavogs | 3.330.996 |
| Hamraborg 22, 0303<br>3325) | Jóhanna Guðmundsdóttir | Ingvar Helgason hf. | 505.354 |
| Heimalind 12 og 14<br>3326) | YL-Hús ehf. | Baðstofan ehf. | 542.763 |
| Helgubraut 9<br>3327) | Valborg Guðmundsdóttir og Þór Þráinsson | Hegas ehf., Húsasmiðjan hf., Íbúðalánasjóður og Víkurás ehf. | 10.821.492 |
| Hlíðarhjalli 64, 0102<br>3328) | Axel Bergmann Svavarsson | Íbúðalánasjóður | 170.193 |
| Hlíðarvegur 24, 0101<br>3331) | Salóme Bergsdóttir | Íbúðalánasjóður | 353.177 |
| Hlíðarvegur 48, 0001, eignarhl.gþ.<br>3332) | Pálmi Steinar Skúlason | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 393.326 |
| Hlíðasmári 9, 0101<br>3333) | Jón Eiríksson | Tollstjóraskrifstofa | 343.112 |
| Holtagerði 61<br>3334) | Kristinn Skæringsson | Búnaðarbanki Íslands | 10.034.694 |
| Hraunbraut 4, 0201<br>3335) | Ingibjörg Sólveig Sveinsdóttir | Byko hf. og Íbúðalánasjóður | 426.060 |
| Ísalind 5, eignarhl.gþ.<br>3337) | Salvar Finnbogi Guðmundsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 609.999 |
| Jörfalind 3<br>3338) | Kristján Snær Karlsson | Íbúðalánasjóður og Kreditkort hf. | 880.511 |
| Jörfalind 4<br>3339) | Baldur Schröder | Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 421.947 |
| Kópavogsbraut 77<br>3340) | Þorlákur Pétursson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 275.919 |
| Landsspilda úr landi Vatnsenda, Heimsendi nr. 3<br>3341) | Hestamiðstöðin Hrímfaxi ehf. | Sparisjóður Kópavogs | 10.092.533 |

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund á skrifstofu skiptastjóra.

(3256 a

Ísafirði, 26. mars 2002.
**Björn Jóhannesson** hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra 15. mars 2002 var bú Valþórs Stefánssonar, kt. 021257-2149, Ártúni 1, Siglufirði, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 26. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu, eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipholti 50c, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til þess að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50c, þriðjudaginn 25. júní 2002, kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn. Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Reykjavík, 25. mars 2002.
**Arnór Halldórsson** hdl.,
skiptastjóri.

(3386 a

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum þann 5. mars 2002, var bú Maríu S. Lárusdóttur, kt. 120563-3869, Brekkubrún 3a, Egilsstöðum, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður, Jónas A. Þ. Jónsson hdl., skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnargötu 28, e.h., pósthólf 132, 710 Seyðisfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnargötu 28, e.h., Seyðisfirði, föstudaginn 28. júní 2002, kl. 10.00 árdegis.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu vikuna fyrir skiptafundinn.

Seyðisfirði, 19. mars 2002.
**Jónas A. Þ. Jónsson** hdl.

(2990 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 18. mars 2002 var bú Ingólfs Sveinssonar, kt. 200651-2199, Hæðarbyggð 27, Garðabæ tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 1. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Bæjarhrauni 8, 220 Hafnarfirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarhrauni 8, 2. hæð, Hafnarfirði, miðvikudaginn 19. júní 2002, kl. 9.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Hafnarfirði, 20. mars 2002.
**Hlöðver Kjartansson** hrl.

(2995 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. mars 2002 var bú SPH ehf., kt. 560999-2759, Laugavegi 59, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Frestdagur við skiptin er 10. október 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur búinu eða eignir í vörslum þess að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra þrotabúsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra í pósthólf 81, 270 Mosfellsbæ.

Skiptafundur verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Þverholti 2, Mosfellsbæ, þriðjudaginn 11. júní 2002 kl. 10.30 árdegis. Verður þá fjallað um skrá yfir lýstar kröfur í búið, gerð grein fyrir hag þess og teknar ákvarðanir um málefni þess.

Skrá yfir lýstar kröfur þar sem fram kemur afstaða skiptastjóra til þeirra mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra í viku fyrir fundinn.

**Leiðrétt kennitala.**

(2522 c

Mosfellsbæ, 18. mars 2002.
**Örn Höskuldsson** hrl.

Eftirtaldar sparisjóðsbækur við Íslandsbanka hf. eru taldar glataðar:

Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi: Nr. 211272, 220925, 214806, 210987 og 210243
Lækjargötu 12, Reykjavík: Nr. 68760, 411188, 444156, 75069, 57783, 447187, 441697, 201761, 201760, 340024, 67863, 63621, 73893, 66103, 73977 og 411222.
Kirkjusandi 2, Reykjavík: Nr. 718157, 240057 og 132586.
Laugavegi 116, Reykjavík: Nr. 8903.
Háaleitisbraut 58, Reykjavík: Nr. 31525, 28439 og 203124.
Suðurlandsbraut 30, Reykjavík: Nr. 198927, 440228 og 13222.
Þarabakka 3, Reykjavík: Nr. 200090, 210995, 210996 og 27982.
Lóuhólum 2-6, Reykjavík: Nr. 13244.
Hafnargötu 60, Reykjanesbæ: Nr. 18175 og 14697.
Fjarðargötu 19, Hafnarfirði: Nr. 28072 og 31389.
Smiðjuvegi 1, Kópavogi: Nr. 20436, 22769 og 62793.
Þverholti, Mosfellsbæ: Nr. 116717.
Hafnarstræti 1, Ísafirði: Nr. 22148, 21854, 200649, 22032 og 26033.
Skipagötu 14, Akureyri: 190010 og 16474.
Stóragarði 1, Húsavík: Nr. 2648 og 4298.
Kirkjuvegi 23, Vestmannaeyjum: 45357, 38567, 39988, 45907, 42352 og 44205.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði er hér með skorað á handhafa téðra bóka að segja til sín innan þriggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar þessarar.

Reykjavík, 19. mars 2002.
Íslandsbanki hf.,
**Áslaug A. Guðmundsdóttir** hdl.
**Lilja G. Sigurðardóttir.**

(2970 c

# Skiptafundir

Skipafundur í þrotabúi Bjargsins ehf., kt. 660299-3279, Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 5, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 24. apríl 2002 kl. 9.30.

Ekki hafa fundist eignir í þrotabúinu og verður skiptum lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti á boðuðum fundi

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Landsspilda úr landi Vatnsenda, Heimsendi nr. 5 3342) | Hestamiðstöðin Hrímfaxi ehf. | Sparisjóður Kópavogs | 10.092.757 |
| Laufbrekka 24, 0201 3343) | Páll Sigurjónsson | Íbúðalánasjóður | 287.620 |
| Lautasmári 29, 0201 3344) | Eggert Bergsveinsson og Anna Þorgerður Högnadóttir | Íbúðalánasjóður | 61.732 |
| Lindasmári 10, ehl.gþ. 3345) | Guðný María Guðmundsdóttir | Tollstjóraskrifstofa | 208.024 |
| Lindasmári 37, 0203, eignarhl.gþ. 3346) | Eiríkur Þór Einarsson | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 2.220.480 |
| Lindasmári 39, 0102, eignarhl.gþ. 3347) | Erlendur Magnús Guðjónsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 356.583 |
| Lómasalir 31, 33, 35 og 37 3348) | Jón og Salvar ehf. | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 819.992 |
| Lómasalir 43, eignarhl.gþ. 3349) | Örn Alexandersson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 294.672 |
| Lækjasmári 6, 0101 3350) | Leó Gunnar Ingólfsson | Íbúðalánasjóður | 165.680 |
| Lækjasmári 94, 0101 3351) | Guðmundur O. Halldórsson og Svava Kristinsdóttir | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 651.833 |
| Melgerði 13, 0101 3353) | Guðlaug H. Hallgrímsdóttir og Skúli Ísleifsson | Kópavogsbær og sýslumaðurinn í Kópavogi | 228.469 |
| Melgerði 34, eignarhl.gþ. 3354) | Flosi Eiríksson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 1.398.346 |
| Neðstatröð 6 3355) | Hjalti E. Hafsteinsson og Nína Gunnlaug Hjaltadóttir | Íbúðalánasjóður | 273.011 |
| Núpalind 1, 0103 3356) | Múrkem ehf. | Tryggingamiðstöðin hf. | 42.030 |
| Núpalind 4, 0201, eignarhl.gþ. 3357) | Trausti Víglundsson | Íslandspóstur hf. | 193.911 |
| Núpalind 6, 0801 3358) | Mótel ehf. | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 18.880.569 |
| Nýbýlavegur 104, 2. hæð t.v. C 3359) | Kristín Alda Albertsdóttir og Jón Kristinn Sigurjónsson | Kópavogsbær | 148.322 |
| Nýbýlavegur 24, 1. hæð 3360) | Tara, umboðs- og heildverslun | Vátryggingafélag Íslands hf. | 269.561 |
| Nýbýlavegur 24, 2. hæð vesturhl. 3361) | Spa ehf. | 3p fjárhús ehf. og Tryggingamiðstöðin hf. | 12.117.797 |
| Nýbýlavegur 38, 0202 3362) | Auður Jacobsen | Íbúðalánasjóður | 355.749 |
| Nýbýlavegur 42, 1. hæð C 3363) | Jón Fannar Hafsteinsson | Íbúðalánasjóður | 290.802 |
| Nýbýlavegur 64, 2. hæð 3364) | Pálmar Sigurbergsson og Jóhanna Snorradóttir | Íbúðalánasjóður | 288.807 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Nýbýlavegur 66, 1. hæð t.h.<br>3365) | Þorvaldur Örn Ásgeirsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 415.426 |
| Reynihvammur 20, 0001, eignarhl.gþ.<br>3366) | Ásgeir Unnar Sæmundsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 196.636 |
| Skemmuvegur 4, merkt 01-04, 6-10 bil<br>3368) | Vera mappa ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2.419.220 |
| Skjólbraut 20<br>3369) | Jón Magnússon | Kreditkort hf. | 648.614 |
| Skógarhjalli 9, eignarhl.gþ.<br>3370) | Ívar Eysteinsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 2.470.858 |
| Smiðjuvegur 11, syðra húsið, 5. súlubil efri hæð<br>3371) | Kristmann Þór Einarsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 753.264 |
| Smiðjuvegur 23<br>3372) | Kristín Karólína Jakobsdóttir | Búnaðarbanki Íslands | 8.415.788 |
| Smiðjuvegur 46, neðri hæð<br>3373) | Veggur ehf., Reykjavík | Kaupþing banki hf. og Kópavogsbær | 9.104.026 |
| Smiðjuvegur 4a, 0102, jarðhæð<br>3374) | Hnöttur ehf. | Kópavogsbær | 970.532 |
| Sæbólsbraut 28, 0302<br>3375) | Embla Valberg | Greiðslumiðlun hf. - Visa Ísland | 159.269 |
| Trönuhjalli 2, 0101<br>3376) | Pétur Ferdinand Eyfeld og Guðbjörg Erna Karlsdóttir | Íbúðalánasjóður | 169.171 |
| Vesturvör 26, I nyrst<br>3377) | Járn og blikk sf. | Kópavogsbær og Sparisjóður Hafnarfjarðar | 3.273.135 |
| Vesturvör 27, 0201<br>3378) | Brynjólfur Erlingsson | Sparisjóður vélstjóra | 520.815 |
| Vesturvör 30, 0104<br>3379) | Kristinn Ragnarsson, arkit ehf. | Tengi ehf. | 631.970 |
| Víghólastígur 21, eignarhl.gþ.<br>3381) | Gylfi Sigurður Geirsson | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 245.123 |
| Þverbrekka 6, 0101<br>3382) | Anna Guðný Friðleifsdóttir | Íbúðalánasjóður | 294.850 |

Kópavogi, 3. apríl 2002.
Sýslumaðurinn í Kópavogi,
**Ragna Gestsdóttir** ftr.

komi ekki fram andmæli eða ábending um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

(3389

Skipafundur í þrotabúi Auroru ehf., kt. 580199-3139, Laugavegi 163, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 5, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 24. apríl 2002 kl. 9.45.

Ekki hafa fundist eignir í þrotabúinu og verður skiptum lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti á boðuðum fundi komi ekki fram andmæli eða ábending um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

(3390

Skipafundur í þrotabúi Boðmarks ehf., kt. 411199-2829, Suðurlandsbraut 22, Reykjavík, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 5, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 24. apríl 2002 kl. 10.00.

Ekki hafa fundist eignir í þrotabúinu og verður skiptum lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti á boðuðum fundi komi ekki fram andmæli eða ábending um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

(3391

Skipafundur í þrotabúi Þ. Einarssonar ehf., kt. 530798-2089, Steinási 1, Garðabæ, verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Lágmúla 5, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 24. apríl 2002 kl. 10.15.

Ekki hafa fundist eignir í þrotabúinu aðrar en óvís krafa og verður skiptum lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti á boðuðum fundi komi ekki fram andmæli eða ábending um eignir í síðasta lagi á þeim fundi.

(3392

Reykjavík, 4. apríl 2002.
**Rúnar S. Gíslason** hdl.,
skiptastjóri.

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. september 2001, var bú Íslenska fjölmiðlafélagsins ehf., kt. 571097-2739, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 30.077.263,28 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 22. mars 2002.
**Garðar Briem** hrl.

(3005

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. apríl 1996, var bú Þóris Jenssonar, kt. 191144-7169, Traðarlandi 10, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri.

Engar eignir fundust í búinu fyrir utan ríkisverðbréf að verðmæti kr. 247.234 sem gekk upp í skiptakostnað og var skiptum í því lokið þann 20. febrúar 2002 skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur að fjárhæð kr. 109.012.245 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 5. mars 2002.
**Þórður H. Sveinsson** hdl.,
skiptastjóri.

(3006

Bú Árvéla ehf., kt. 510394-2679, Selfossi, var tekið til gjaldþrotaskipta 17. desember 1999 og var undirritaður skipaður skiptastjóri þess. Skiptum á búinu lauk í dag. Upp í forgangskröfur, samtals að fjárhæð kr. 2.696.193, greiddust kr. 70.840 eða 2,63%. Ekkert greiddist upp í almennar kröfur, sem samtals námu á upphafsdegi skipta kr. 24.543.722 auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar.

Reykjavík, 22. mars 2002.
**Ragnar Halldór Hall** hrl.

(3111

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. júlí 2001, var bú Árna Jó ehf., kt. 640697-2379, áður Eignavernd ehf., Bólstaðarhlíð 44, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið á skiptafundi þann 28. nóvember sl. samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem voru að fjárhæð kr. 5.883.737, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Endurbirt vegna villu.**

Reykjavík, 3. apríl 2002.
F.h. Gunnars Jóhanns Birgissonar hrl.,
skiptastjóra,
**Árnína Steinunn Kristjánsdóttir** lögfr.

(3387

# Fyrirtækjaskrá

## Nýskráningar

*Félagið heitir:* **Hringbrot ehf.**
*Kt.:* 431201-2910.
*Heimili og varnarþing:* **Leifsgötu 20, 101 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 15. nóvember 2001.
*Stofnendur:* Linda Rós Ragnarsdóttir, kt. 091072-5219, Leifsgötu 20, 101 Reykjavík og Þorlákur Lúðvíksson, kt. 190973-4849, s.st.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 15. nóvember 2001:*
Stjórnarmaður: Þorlákur Lúðvíksson.
Varamaður: Linda Rós Ragnarsdóttir.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn:* Þorlákur Lúðvíksson.
*Prókúruumboð:* Linda Rós Ragnarsdóttir og Þorlákur Lúðvíksson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Deloitte & Touche hf., kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík og Sigurður Heiðar Steindórsson, kt. 220658-6279, Jóruseli 15, 109 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er hönnunar- og auglýsingastarfsemi, kaup og sala verðbréfa, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(1979

*Félagið heitir:* **Fiskþjónusta Ólafsvíkur ehf.**
*Kt.:* 431201-2750.
*Heimili og varnarþing:* **Snoppuvegi 3, 355 Snæfellsbæ.**
*Dagsetning samþykkta er:* 16. nóvember 2001.
*Stofnendur:* Eignarhaldsfélag EHK ehf., kt. 530300-2690, Heiðarvegi 8, 230 Keflavík og Eignarhaldsfélag J.H. ehf., kt. 491101-2960, Garðbraut 72, 250 Garði.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 16. nóvember 2001:*
Stjórnarmaður: Jóhanna Halldórsdóttir, kt. 120659-2789, Garðbraut 72, 250 Garði.
Varamaður: Sigtryggur J. Hafsteinsson, kt. 090661-4699, Garðbraut 72, 250 Garði.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Eggert Kjartansson, kt. 310156-0009, Heiðarvegi 8, 230 Keflavík.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Reynir Ólafsson, kt. 080648-4569, Heiðarbakka 1, 230 Keflavík, Skattsýslan sf., kt. 490387-2349, Brekkustíg 39, 260 Njarðvík og Svala Kristín Pálsdóttir, kt. 241060-4629, Suðurgarði 20, 230 Keflavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er rekstur slægingar- og fiskflokkunarþjónustu og frágangur hans til flutnings, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(1980

*Félagið heitir:* **Zensus ehf.**
*Kt.:* 441201-2060.
*Heimili og varnarþing:* **Iðufelli 10, 111 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 14. nóvember 2001.
*Stofnandi:* Hilmar Tómas Guðmundsson, kt. 270267-4839, Iðufelli 10, 111 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 14. nóvember 2001:*
Stjórnarmaður: Hilmar Tómas Guðmundsson.
Varamaður: Karlotta Lind Pedersen, kt. 070770-3349, Iðufelli 10, 111 Reykjavík.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Hilmar Tómas Guðmundsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Kauphúsið ehf., kt. 661185-0829, Breiðuvík 8, 112 Reykjavík og Sigurður S. Wiium, kt. 271244-4449, s.st.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er framleiðsla, gerð og hönnun auglýsinga. Tölvuþjónusta, kennsla og ráðgjöf. Útgáfustarfsemi. Verktaka-, verslunar- og þjónustustarfsemi. Heildsala og smásala. Innflutningur og útflutningur. Rekstur og útleiga bifreiða, tækja og véla. Eignarhald og þátttaka í rekstri annarra félaga, svo og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Nei.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(1981

**Hagstofa Íslands.**

# Firmaskrá

## Sauðárkrókur

Hér með tilkynnist til firmaskrár Sauðárkróks að Friðrik Jónsson ehf., kt. 451078-1199, Borgarröst 8, Sauðárkróki, hefur selt 34% eignarhlut sinn í firmanu **Óstaki sf.**, kt. 510285-1749, Borgarmýri 1, Sauðárkróki, til Trésmiðjunnar Borgar hf., kt. 470169-6569, Borgarmýri 1, Sauðárkróki.

Frá 1. janúar 2002 er rekstur og skuldbindingar sameignarfélagsins Óstaks sf., kt. 510285-1749 óviðkomandi Friðriki Jónssyni, kt. 451078-1199.

Firmað verður því framvegis rekið undir sama nafni og með ótakmarkaðri ábyrgð Trésmiðjunnar Borgar hf., kt. 471069-6569, Borgarmýri 1, 550 Sauðárkróki.

Sauðárkróki, 18. mars 2002.
F.h. Trésm. Borgar hf.,
Gísli Kristjánsson, kt. 071149-2349.
F.h. Friðriks Jónsson ehf.,
Ólafur Elliði Friðriksson, kt. 030957-4749.

(3264

# Húsbréf

## Þrítugasti og fyrsti útdráttur í 2. flokki húsbréfa 1993

Innlausnardagur 15. maí 2002

### 5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

### 1.000.000 kr. bréf

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 93220018 | 93220366 | 93220908 | 93221116 | 93221261 | 93221448 | 93221657 | 93221825 | 93221986 |
| 93220144 | 93220375 | 93220982 | 93221237 | 93221351 | 93221606 | 93221743 | 93221865 | |
| 93220279 | 93220840 | 93221008 | 93221259 | 93221399 | 93221655 | 93221817 | 93221867 | |

### 100.000 kr. bréf

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 93250578 | 93251644 | 93252498 | 93252777 | 93252880 | 93253380 | 93253727 | 93254376 | 93254786 |
| 93251347 | 93252103 | 93252757 | 93252801 | 93253330 | 93253463 | 93254318 | 93254382 | |

### 10.000 kr. bréf

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 93270112 | 93270507 | 93270873 | 93271176 | 93271465 | 93273335 | 93273770 |
| 93270129 | 93270820 | 93271007 | 93271330 | 93271882 | 93273498 | 93273791 |

### Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

(1. útdráttur, 15/11 1994)
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 109.865,-**
93254650

(4. útdráttur, 15/08 1995)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 11.593,-**
93271665

(8. útdráttur, 15/08 1996)
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 125.800,-**
93254651

(9. útdráttur, 15/11 1996)
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 128.779,-**
93250299

(12. útdráttur, 15/08 1997)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 1.357.535,-**
93220452

(26. útdráttur, 15/02 2001)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 1.870.619,-**
93221890 93221918 93222052
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 18.706,-**
93271929 93273520

(27. útdráttur, 15/05 2001)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 1.936.542,-**
93220595 93221554

(28. útdráttur, 15/08 2001)
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 20.382,-**
93270374

(29. útdráttur, 15/11 2001)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 2.101.869,-**
93220154 93220854 93221593
93220529 93221132 93221802
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 210.187,-**
93252254 93253197 93253329 93254755
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 21.019,-**
93271179 93273464

(30. útdráttur, 15/02 2002)
**1.000.000 kr.** **Innlausnarverð 2.170.423,-**
93220325 93220726 93221169
93220707 93220931 93222019
**100.000 kr.** **Innlausnarverð 217.042,-**
93250069 93251108 93251729 93252803
93251003 93251257 93252586
**10.000 kr.** **Innlausnarverð 21.704,-**
93270699 93271357 93274189
93271006 93271946

Útdregin óinnleyst húsbréf bera hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Því er áríðandi fyrir eigendur þeirra að innleysa þau nú þegar og koma andvirði þeirra í arðbæra ávöxtun. Húsbréf eru innleyst í öllum bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum.

Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

2401)

# Auglýsing

## um skipulag í Vatnsleysustrandarhreppi

Hér með er lýst eftir athugasemdum við deiliskipulag í Vatnsleysustrandarhreppi, nánar tiltekið við Heiðargerði.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu hreppsins til og með 10. maí 2002.

Athugasemdum við tillöguna skal skila á skrifstofu hreppsins fyrir 24. maí 2002. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Hér með er lýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi, nánar tiltekið við Hafnar-, Hóla-, Mýrar- og Marargötur.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu hreppsins til og með 10. maí 2002.

Athugasemdum við tillöguna skal skila á skrifstofu hreppsins fyrir 24. maí 2002. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Vogum, 5. apríl 2002.
F.h. sveitarstjórnar,
**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

3397)

# Auglýsing

## um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Ártúnshöfði - eystri, svæðið austan Höfðabakka og norðan Vesturlandsvegar að Grafarvogi.*

Tillagan tekur til svæðis er afmarkast af Vesturlandsvegi til suðurs, Höfðabakka til vesturs, Grafarvogi til norðurs og landi Keldna til austurs.

Um er að ræða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Helstu markmið tillögunnar er að uppfæra skipulag svæðisins og gera af því heildarskipulag sem bætir ímynd þess og umhverfisgæði, auka nýtingu á lóðum og þétta byggð, bæta aðkomur og fjölga bílastæðum og síðast en ekki síst að bæta ásýnd grænna svæða og gera þau aðgengilegri fyrir gangandi umferð.

Með tillögunni eru skilgreindir byggingarreitir og byggingarréttur á hverri lóð og þ.a.l. uppbyggingarmöguleikar til framtíðar. Tillagan gerir ráð fyrir að nýtingarhlutfalla á svæðinu verði allt að 0,7 þar sem aðstæður leyfa en að auki verði heimilt, að uppfylltum skilyrðum, að byggja neðanjarðargeymslur og tæknirými. Gerð er grein fyrir sérskilmálum fyrir hverja lóð varðandi nýbyggingar, ofanábyggingar og viðbyggingar. Þá gerir tillagan ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum nokkurra lóða auk þess sem skilgreind er ný lóð austan við lóð nr. 44 við Stórhöfða.

Tillagan liggur frammi á sal skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00–16.00 frá 12. apríl til 24. maí 2002. Eru lóðarhafar, fasteignaeigendur og aðrir, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 24. maí 2002.

Þeir sem eigi gera athugsemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 12. apríl 2002.
**Skipulags- og byggingarsvið.**

3398)

# Greiðsluáskorun

Skrifstofu okkar, Lýsingu hf., hefur verið falið að innheimta hjá yður, Sigrúnu Helgadóttur Sischka, kt. 091248-2989, Breiðumörk 8, 810 Hveragerði, neðangreinda kröfu:

*Kröfueigandi:* Lýsing hf., kt. 621101-2420, Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík

*Lýsing heimildarskjals:*

1. Skuldabréf, útgefandi:
   Sigrún Helgadóttir Sischka.
2. Aðalskuldari:
   Sigrún Helgadóttir Sischka, kt. 091248-2989.
3. Útgáfudagur:
   26. júní 2001.
4. Upphaflegur kröfuhafi:
   Lýsing hf.
5. Upphafleg fjárhæð kr.:
   1.211.863.
6. Upphaflegir skilmálar:
   34 gjalddagar með 1 mánaðar millibili.
7. Vaxtaákvæði:
   Fastir 7,80.
8. Í vanskilum frá:
   5. október 2001.
9. Tilvísun:
   600344.
10. Annað:
    Bílalán Lýsingar hf. að fjárhæð kr 1.211.863.

*Veð:*
Honda CRV, árgerð 1998, fast nr. OU-295.

*Krafan sundurliðast nú þannig:*

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll, gjaldfelldur | 1.183.757 |
| Samningsvextir til 5. október 2001 | 15.989 |
| Dráttarvextir til 4. apríl 2002 | 142.749 |
| Banka- og stimpilkostnaður | 14.975 |
| Áfallinn kostn. kröfuhafa | 94.960 |
| Innheimtuþóknun | 93.703 |
| Birting greiðsluáskorunar | 1.400 |
| Vextir af kostnaði | 33 |
| Virðisaukaskattur | 22.957 |
| Innborgun | -100.000 |
| Samtals kr. | 1.470.523 |

auk áfallandi dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 38/2001 til greiðsludags og annars áfallandi kostnaðar.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins er skuldin öll í gjalddaga fallin án sérstakrar uppsagnar ef dráttur verður á greiðslu afborgana og/eða vaxta og er þá heimilt að krefjast nauðungarsölu á veðinu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms sbr. 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991.

Innheimtubréf, sem yður var sent þann 24. janúar 2002, með áskilnaði um gjaldfellingu skuldarinnar, hefur ekki verið sinnt. Því er hér með skorað á yður að greiða skuldina eða semja um greiðslu hennar innan 15 daga frá móttöku greiðsluáskorunar þessarar. Að þeim tíma liðnum verður krafist nauðungarsölu á hinni veðsettu eign án frekari tilkynninga.

Reykjavík, 4. apríl 2002.
**Pétur Bjarni Magnússon** hdl.

(3393

# Fyrirtækjaskrá

## Samrunatilkynning

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

*Yfirtökufélag:* R. Sigmundsson ehf., kt. 681071-0759, Fiskislóð 84, 101 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Hlein ehf., kt. 600300-2530, Fiskislóð 16, 101 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2002. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

**Hagstofa Íslands.**
**Hlutafélagaskrá.**

(3273

**Lögbirtingablað,**
36. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg